

# Skólareglur Langholtsskóla



Í Langholtsskóla viljum við efla og byggja upp jákvæðan skólabrag. Við væntum þess að nemendur okkar leggi sig fram í námi, sýni seiglu og beri virðingu fyrir hvort öðru.

## Í kafla 13.1.2 í Aðalnámskrá grunnskóla segir um hlutverk nemanda:

„Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkini.“



## SKÓLAREGLUR LANGHOLTSSKÓLA

### GULLREGLUR

#### Í skólanum:

- sýnum við tillitssemi og heiðarleika.
- berum við virðingu fyrir öllum og öllu.
- erum við vingjarnleg og sýnum samkennd.
- berum við ábyrgð á eigin hegðun og námi.

### Í skólastofunni

- erum við stundvís.
- erum við kurteis.
- förum við eftir fyrirmælum.
- höldum við vinnufríð.
- hlustum við á þann sem hefur orðið.
- virðum við vinnusvæði annarra.
- göngum við frá eftir okkur.
- biðjum við um leyfi til að fara fram.
- er slökkt á sínum og þeir hafðir ofan í töskum.

### Á göngunum

- göngum við.
- erum við örugg.
- förum við úr útiskóm og röðum þeim.
- virðum við eigur annarra.

### Í frímínútum

- höldum við okkur á skólalóðinni.
- göngum við vel um lóðina.
- látum við fullorðinn vita ef einhver meiðir sig eða liður illa.

### Í matsalnum

- förum við í röð.
- notum við inniröddina.
- göngum við frá eftir okkur.
- yfirgefum við ekki salinn án leyfis.

### Í skólaferðum

- förum við eftir skólareglum.
- erum við sjálfum okkur, skólafélögnum og Langholtsskóla til sóma.

### Almennt

Neysla goddrykkja/orkudrykkja og sælgætis/bakkelsis er bönnuð í skólanum nema á skólaskemmtunum þegar það á við. Öll meðferð tóbaks/nikótíns eða veips og annarra vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

## Viðurlög

### Nemandi fer ekki eftir skólareglum

#### Afleiðing:

1. Nemandi er minntur á reglu.
2. Brotið er skráð í Mentor eftir eðli þess.
3. Við ítrekuð brot (oftar en tvisvar) hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forsjáraðila og leitar samráðs.
4. Ef málið leysist ekki er því vísað til lausnateymis, skráð af þeim kennara sem er með nemandann hverju sinni.

### Nemandi mætir ekki á réttum tíma

#### Afleiðing:

1. Allir kennarar skrá í Mentor þegar nemandi mætir of seint allt að 15 mínútum, eftir það skráir hann fjarvist.
2. Skrifstofa skólans sendir ástundun úr Mentor til foreldra/forsjáraðila einu sinni í mánuði. Umsjónarkennarar senda ástundun úr Mentor til foreldra/forsjáraðila einu sinni í viku. Reglulega er farið yfir nemendahópinn með tilliti til [viðmiða um skólasókn](#) og gripið inn í samkvæmt viðmiðum.

### Nemandi tekur upp síma í leyfisleysi

*Símar nemenda í 1.-7. bekk eiga að vera í skólatösku og á flugstillingu/slökkt á þeim á meðan á skóladegi stendur. Öll svæði skólans eru símalaus, þar með talin er skólalóðin.*

#### Afleiðing:

1. Ef nemandi tekur upp síma í leyfisleysi fær hann eina aðvörun frá kennara/starfsmanni og þarf tafarlaust að ganga frá símtækinu. **-Brotið skráð í Mentor.**
2. Ef nemandi endurtekur brotið ber nemanda að afhenda kennara/starfsmanni símann en fær hann afhentan að skóladegi loknum. **-Brotið skráð í Mentor.**
  - Ef nemandi neitar að láta símann afhendi eftir ítrekuð brot verður hringt í foreldra/forsjáraðila og þeir þurfa að sækja símann í skólann.
3. Ef um ítrekuð brot er að ræða, þ.e. að nemandi brýtur reglu oftari en tvisvar, þá er málinu vísað til deildarstjóra sem hefur samband við foreldra/forsjáraðila. Síminn er **ekki** afhentur nemanda í lok skóladags, **foreldrar/forsjáraðilar þurfa að sækja hann á skrifstofu skólans.**
4. Ef nemandi heldur uppteknum hætti verða foreldrar/forsjáraðilar kallaðir til samtals við stjórnendur.

### Nemandi brýtur alvarlega af sér (ofbeldi, vopnaburður, ávana- og fíkniefnaneysla, skemmdarverk)

#### Afleiðing:

1. Málinu er vísað beint til stjórnenda.
2. Stjórnendur fylgja ferli Reykjavíkurborgar um alvarleg agabrot, allt eftir eðli brotsins.